

Multiprimer Aqua Protect

Alhliða viðloðunargrunnur



Efnislýsing

Multiprimer Aqua Protect er alhliða, háþekjandi, vatnsþynnanlegur akrýlgrunnur, ætlaður til notkunar innan- og utanhúss. Hann hefur magnaða viðloðun en sá eiginleiki er fenginn fram með svo kallaðri krosstengtækni (cross-linking technology) í uppbyggingu bindiefnisins. Grunnurinn gengur bæði undir alkýð- og akrýlmálningu.

Multiprimer er auðveldur í notkun, hylur og fyllir vel og hefur mjög gott útflot. Hann er einangrandi, t.d. á ómálaðan við, yfir nikótín-, sót og vatnsbletti og inniheldur ryðvarnarefni. Hann er lyktarlítill, þornar og harðnar hratt og slípast vel (eftir um 6 klst.), sem gerir það mögulegt að bera nokkrar umferðir á flötinn á einum degi. Hann sápast ekki og hleypir raka frá undirlagi í gegnum sig. Einn aðalkostur Multiprimer er að hann má lita, t.d. í sama lit og lakkið. Þannig má jafnvel spara sér umferð af lakki eða málningu undir vissum kringumstæðum.

Multiprimer Aqua Protect grunnurinn binst afar vel við margs konar viðarfleti innandyrna, steypu, múrsteina og gifs en einnig við PVC harðplast (nema pólýolefín plastefni, t.d. PE og PP), pólýester, keramik, pólýkarbónat, allar gerðir af málanageru plasti, galvaniseruðum málm, sinki, áli, gleri, lakkfilum (eftir möttun og affitun) o.fl. Hann er góður viðloðunargrunnur yfir eldri akrýlmálningu eða lakk eftir möttun. Multiprimer Aqua Protect er einnig hentugur á fleti sem hafa áður verið málaðir með alkýðmálningu; þá er mikilvægt að hreinsa og slípa fletina vel fyrir málun.

Meðhöndlun

Nýr og ber viður innandyrna

1. Tryggið að flöturinn sé laus við olíu, fitu og önnur óhreinindi.
2. Grunnið 1-2 umferðir af Multiprimer Aqua Protect. Ef blæðing verður í gegnum grunninn skal grunna aftur eftir um 24 klst. í sumum tilfellum gæti verið betra að bletta með kvistalakki.
3. Málið 1-2 umferðir af vatnsþynnanlegu lakki, t.d. Rubbol BL Rezisto eða Superfinish.

Endurmálun

1. Hreinsið með Nordsjö Málartvätt og vatni og slípið flötinn.
2. Grunnið 1-2 umferðir af Multiprimer Aqua Protect á bera fleti.
3. Málið 1-2 umferðir af vatnsþynnanlegu lakki, t.d. Rubbol BL Rezisto eða Superfinish.

Tæknilegar upplýsingar

Til notkunar: Innan- og utanhúss

Tegund: Krosstengd akrýlpeyta

Gljástig: Silkimatt

Hiti við málun: Minnst 5°C á fleti og í lofti (minnst 3°C yfir daggarmörkum)

Rakastig: Mest 80%

Þurrefni: Hvítt: 61+/-2% af vigt og um 48+/-2% af rúmmáli

Þéttleiki: Um 1,38+/-0,5 kg/dm³ við 20°C

Ráðlögð þykkt: Þurr: 40-50 míkron. Blaut: 3.3-100 míkron

Rykfrítt: Um 30 mín við 20°C

Snertipurr: Um 1 klst við 20°C

Yfirmálun: Um 6 klst við 20°C

Verkfæri: Penslar, rúllur, sprautur, loftsprauta

Þynning: Notist almennt óþynnt. Fyrir loftsprautu þynnið með vatni 10-15%, þrýstingur 3-5 bör, stútur 1.5mm. Loftlaus sprauta; fylgið tæknileiðbeiningum)

Hreinsun verkfæra: Vatn strax eftir notkun

Þekja: Um 10-12 m²/l (fer eftir aðferð og undirlagi)

Litur: Hvítur og allir litir

Umbúðir: 1 og 2,5 og 10 lítra dósir

Geymsla: Í þurru, frostfríu rými við 5-35°C

Rokgjörn lífræn efni (VOC): EB hámark fyrir þessa vöru er (fl. A/d) 130 g/l (2010). Inniheldur mest 90 g/l

Heilsufars- og umhverfismál

Við slípun eða þegar málning er fjarlægð með hita geta myndast agnir eða gufur sem eru skaðlegar heilsunni. Ávallt skal vinna í vel loftræstu rými. Notið hlífðarbúnað (öndunargrímur) ef loftræsting er ónóg. Sjá einnig upplýsingar á öryggisblaði. Lokið dósinni vandlega. Þrifið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- eða hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tónum umbúðum til endurvinnslustöðva.